

Ed. 189. Frumvarp til lánsfjárlaga [144. mál]
fyrir árið 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 708 700 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 478 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1984, samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila, að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituf framkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1984 að fjárhæð 8 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 88 800 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1984 að fjárhæð 652 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II KAFLI

9. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Bygðasjóðs eigi fara fram úr 83 800 þús. kr. á árinu 1984. Að auki er Bygðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

10. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 12 060 þús. kr. á árinu 1984.

11. gr.

Prátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1984.

12. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 200 000 þús. kr. á árinu 1984.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga falla niður á árinu 1984.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 19 400 þús. kr. á árinu 1984. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1984 rennur í ríkissjóð.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 21 800 þús. kr. á árinu 1984.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1984.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12 450 þús. kr. á árinu 1984.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilaskjóðs eigi fara fram úr 12 400 þús. kr. á árinu 1984.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1984 eigi fara samtals fram úr 6 500 þús. kr.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 5 000 þús. kr. á árinu 1984.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 50/1973, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1984.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 600 þús. kr. á árinu 1984.

25. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1984.

26. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 94 700 þús. kr. á árinu 1984.

III KAFLI

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig, að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstól skal leitað samþykkis eignaraðila.

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983 er nemi allt að 340 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1983.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldar-ábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fjórum fiskiskipum innanlands, sem þegar er hafin smíði á. Skip þessi mega vera allt að 39 m löng og með vélarafli allt að 1000 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Pótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

Jafnframt falla úr gildi 27. gr. laga nr. 44/1983 og 34. gr. laga nr. 13/1982.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem tekin eru til smíði skips sem Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf. hefur í smíðum. Skip þetta má vera allt að 26 m langt og með vélarafli allt að 600 hö. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs skipsins samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi skal falla niður þegar smíði skipsins er lokið og skipasmíðastöðin afhendir það til kaupanda.

Pótt afhending skipsins hafi farið fram er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin kunna að verða fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipsins. Þegar lokið er smíði skipsins mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði skipsins fullbúins. Til tryggingar sjálfskuldar-ábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipinu og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipsins fullbúins. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1984 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum fjárfestingarlánasjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984. Þá er að nefna að leitað er heimildar til viðbótarlántöku vegna lánsfjáráætlunar 1983 og heimildar til þess að semja við Seðlabanka um endanlega fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1983.

Um 1. og 2. gr.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 kemur fram að heildarlánsfjárförf A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 2 668 400 þús. kr. Þar kom einnig fram að á vegum utanríkisráðherra væri unnið að endurskoðun á fjárförf til byggingarframkvæmda við flugstöð í Keflavík og lækka lántökur til þessa verkefnis um 15 000 þús. kr. frá því sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Samkvæmt þessari grein lækkar heildarlánsfjárförf A- og B-hluta sem þessu nemur og er því leitað heimildar til 2 653 400 þús. kr. lántöku á árinu 1984.

Í 6. gr. frumvarps til fjárlaga er leitað heimildar til 200 000 þús. kr. útgáfu spariskírteina og happdrættislána. Hér er leitað heimildar til 478 000 þús. kr. lántöku innanlands, þar af 120 000 þús. kr. hjá lífeyrissjóðum. Við öflun annars innlends lánsfjár munu nýttar heimildir til fjölbreyttrar útgáfu verðtryggðra skuldaviðurkenninga og útgáfu ríkissjóðsvíxla (sbr. frumvarp um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, 49. mál, Ed.). Með þessum hætti er fyrirhugað að afla alls 358 000 þús. kr. á árinu 1984, þar af munu renna til ríkissjóðs 158 000 þús. kr. og áformað er að endurlána til húsbyggingarsjóðanna allt að 200 000 þús. kr. eftir því sem lánsfjármagn aflast. Ennfremur er gert ráð fyrir að innheimta af endurlánuðum spariskírteinum umfram innlausn eldri spariskírteina nemi 466 700 þús. kr. Að lokum er erlend lántaka A- og B-hluta ríkissjóðs áætluð alls 1 708 700 þús. kr. Sundurliðun á ráðstöfun heildarfjárins til opinberra aðila er sýnd í fylgiskjali 1.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lántökur Landsvirkjunar nemi alls 900 000 þús. kr. á árinu 1984 til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Fyrirhugað er að verja 200 000 þús. kr. til framkvæmda við Blönduvirkjun og 700 000 þús. kr. til framkvæmda við kvíslaveitur, Suðurlínu, rannsóknir o. fl. Við þessar lántökur sé gætt ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 um fyrirtækið, en þar segir: „Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila. Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki.“

Um 4. gr.

Lántökur til Steinullarverksmiðju, sjóefnavinnslu, stálfélags o. fl. fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs eru áætlaðar alls 120 000 þús. kr. á árinu 1984. Í lánsfjáráætlun er áætlað í þessu skyni 100 000 þús. kr., en af þeirri lántöku fari 80 000 þús. kr. til Steinullarverksmiðju. Um lántökur til Steinullarverksmiðju gilda sérlög og því ekki þörf að sækja um heimild þeirra vegna í lánsfjárlögum 1984. Samkvæmt þessari grein er aflað heimildar til 40 000 þús. kr. lántöku fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Þar af er gert ráð fyrir að 34 000 þús. kr. verði notaðar til að standa straum af fjármagnskostnaði vegna lána sem tekin hafa verið til Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi. Framkvæmd þessarar greinar fer eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Um 5. gr.

Fyrirhugaðar lántökur Orkubús Vestfjarða til raforku- og hitaveituframkvæmda nema alls 30 000 þús. kr. á árinu 1984.

Um 6. gr.

Erlend lánsfjáröflun hitaveitna er áformuð alls 97 300 þús. kr. og skiptist hún þannig að 88 800 þús. kr. renna til Hitaveitu Akureyrar og 8 500 þús. kr. til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Lánsfénu verður ráðstafað til framkvæmda og framlengingar eldri lána.

Um 7. gr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands eru fyrirhugaðar alls 1 112 000 þús. kr. á árinu 1984. Í lánsfjáráætlun 1984 eru lánveitingar sjóðsins áætlaðar 1 080 000 þús. kr. Hækkun lánveitinga Framkvæmdasjóðs nemur alls 32 000 þús. kr., og er gert ráð fyrir að þar af renni 26 000 þús. kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna loðdýraræktar og 6 000 þús. kr. til Landflutningasjóðs. Ráðgert er að fjárþörf Framkvæmdasjóðs Íslands verði mætt af eigin fé með 100 000 þús. kr., 250 000 þús. kr. verði fengnar að láni hjá bankakerfinu og að skuldabréfakaup lífeyrissjóða nemi 110 000 þús. kr. Að auki nemur heimild til erlendra lántöku Framkvæmdasjóðs Íslands samkvæmt þessari grein 652 000 þús. kr., en í lánsfjáráætlun eru þær áætlaðar 620 000 þús. kr. á árinu 1984.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 9.—26. gr.

Í samræmi við markaða stefnu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1984, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að skert verði ákvæði tiltekinna laga.

Um 27. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til fremur skamms tíma. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma.

Um 28. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er leitað heimildar til viðbótarlánsfjáröflunar A- og B-hluta ríkissjóðs fyrst og fremst. Þó svo viðbótarfjárförfin myndist að hluta til af gengisbreytingum þá er talið rétt, varðandi þessa aðila, að leita heimilda. Hins vegar er ekki leitað heimildar til aukinnar lánsfjáröflunar til handa Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja þar sem aukin lánsfjárförf í ísl. krónum talið skýrist eingöngu af gengisbreytingum. Samkvæmt greininni er leitað viðbótarlánsfjárheimildar allt að 340 000 þús. kr. vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1983. Auknar erlendar lántökur á árinu 1983 skýrast þannig: Annars vegar eru nú horfur á að innlend fjáröflun reynist verulega minni en áætlað var við gerð lánsfjárlaga 1983 eða sem nemur 140 000 þús. kr. Hins vegar hefur gengisþróun á árinu 1983 reynst önnur en forsendur lánsfjárlaga gerðu ráð fyrir og leitt til hærri fjármagnsútgjalda vegna Kröflu og byggðalína en áætlað var. Áætlud viðbótarfjárförf af þessum orsökum nemur 176 500 þús. kr. Að lokum eru nokkrir opinberir aðilar sem þurfa viðbótarheimildir og skiptast þeir þannig: Lagmetisiðjan Siglósið 6 000 þús. kr., Síldarverksmiðjur ríkisins 12 500 þús. kr. og Sveitarfélög, ýmislegt, 5 000 þús. kr.

Um 29. gr.

Fyrirsjáanlegt er að um greiðsluhalla verður að ræða hjá ríkissjóði á árinu 1983. Samkvæmt þessari grein er leitað heimildar fyrir fjármálaráðherra að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs, en hann er að svo stöddu fjármagnaður með yfirdrætti ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í bankanum. Horfur eru á að greiðsluhalli þessi geti numið allt að 1 100 000 þús. kr. í árslok 1983.

Um 30. gr.

Í 34. gr. laga nr. 13/1982, lánsfjárlaga fyrir árið 1982, og í 27. gr. laga nr. 44/1983, lánsfjárlaga fyrir árið 1983, er fjármálaráðherra heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði fiskiskipa innanlands á árunum 1983—85. Lán þessi geta numið allt að 80% af smíðaverði skipanna samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skilyrði ábyrgðar er m. a. að skip sé smíðað fyrir reikning skipasmíðastöðvarinnar, enda falli ábyrgð niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Til að fjármagna smíði skipanna eru tekin afurðalán hjá Seðlabanka og að auki vörukaupalán erlendis, hvort tveggja fyrir milligöngu viðskiptabanka skipasmíðastöðvanna. Ríkissjóður ábyrgist þessi lán síðan á smíðatíma skipanna. Við sölu frá skipasmíðastöð lánar Fiskveiðasjóður samkvæmt núgildandi reglum allt að 60% matsverðs skipanna. Til þess að hægt sé að nýta hagkvæm erlend vörukaupalán lengur en þar til skip er selt þykir nauðsynlegt að ríkissjóður hafi heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð slík lán

áfram. Er gert ráð fyrir að heimilt sé að ábyrgjast vörukaupalán er numið geta allt að 20% endanlegs matsverðs skipanna. Samanlögð fjárhæð vörukaupalánsins og láns sem á undan eru í veðröð má þó ekki nema meiru en 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Gert er ráð fyrir að hlutur ríkissjóðs vegna sjálfsskuldarábyrgðarinnar verði tryggður með 2. veðrétti í viðkomandi skipi.

Helsta nýmæli þessarar greinar er að takmarka heimildir til að veita ríkisábyrgðir vegna smíði fiskiskipa innanlands þannig að þær nái einungis til smíði fjögurra skipa. Þau skip sem hér um ræðir eru í smíðum hjá Slippstöðinni hf. (tvö skip), Stálvík hf. (eitt skip) og Þorgeir og Ellert hf. (eitt skip). Í annan stað er hámarks lengd þessara skipa færð úr 35 m í 39 m. Er þetta gert til þess að umrædd skip geti sinnt nýjum og breyttum verkefnum, svo sem rækjuveiðum.

Um 31. gr.

Greinin er að verulegu leyti samhljóða 30. gr. og vísast til skýringa við þá grein.

Fylgiskjal 1.

Lánsfjárbörf opinberra aðila 1984 Í m.kr.

	Lántökur 1984
1. Ríkissjóður	2 653,4
1.1 A-hluti	1 620,0
Vegagerð	480,0
Aðrar lántökur A-hluta	1 140,0
1.2 B-hluti	1 033,4
Bygðasjóður	120,0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1,0
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna	12,0
Jarðasjóður	—
Lánasjóður isl. námsmanna	258,4
Lagmetisiðjan Siglósiöld	—
Skipaútgærd ríkisins	—
RARÍK, almennar framkvæmdir	168,0
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	—
,, fjármagnsútgjöld	358,2
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	—
,, fjármagnsútgjöld	—
Orkusjóður, byggðalínur, fjármagnsútgjöld	—
,, hitaveitulán	10,0
,, jarðhitaleit	10,0
,, sveitarafvæðing	7,0
Iðnaðarrannsóknir	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	—
Sementsverksmiðjan	—
Landssmiðjan	—
Áburðarverksmiðjan	—
Póstur og sími, vörukaupalán o. fl.	—
,, lagning sjálfvirkis síma	—
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	—
Flugmálastjórn	—
Flugstöð Keflavík	88,8

	Lántökur 1984
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 050,0
Landsvirkjun, Blönduvirkjun	200,0
Landsvirkjun, aðrar framkvæmdir	700,0
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	30,0
Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag o. fl	120,0 ¹⁾
Kísiliðjan	—
Grænfoodurverksmiðjur	—
Annað	—
3. Sveitarfélög	97,3
Hitaveita Suðurnesja	—
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	8,5
Hitaveita Akureyrar	88,8
Ýmislegt	—
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	3 800,7
5. Innland fjáröflun	944,7
Útgáfa spariskírteina	200,0
Innheimt umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé	466,7
Verðbréfa kaup bankakerfis og Viðlagatryggingar	—
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	120,0
Önnur fjáröflun	158,0
6. Erlend lán	2 856,0
Ríkissjóður A- og B-hluti	1 708,7
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 050,0
Sveitarfélög	97,3

1) Þ. a. 80,0 m. kr. til steinullarverksmiðju samkvæmt lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.